



## 1. Álagning gjalda 2017.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að eftirfarandi forsendur verði lagðar til grundvallar álagningu útsvars, fasteignagjalda og lóðaleigu á árinu 2017.

- a. Álagt útsvar verði 14,52% vegna launa ársins 2017.
- b. Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts verði óbreyttar og því eftirfarandi á árinu 2017.
  - i. 0,3611% af álagningastofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
  - ii. 1,32% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
  - iii. 1,65% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
- c. Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum standi óbreytt og verði áfram 1,598% af fasteignamatsverði atvinnulóða og 1,055% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða og verði innheimt með fasteignagjöldum.
- d. Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra ( $m^2$ ) lóðar tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.
- e. Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2017 verði 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október en eindagi gjaldanna verði 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 15.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2017.

- f. Veitt verði ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2017, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

## **2. Þjónustugjaldskrár 2017.**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að almennar þjónustugjaldskrár hækki samkvæmt áætlaðri vísitöluhækkun neysluverðs, um 3,2% þann 1. janúar 2017.

Bæjarstjórn samþykkir að þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar hækki 1. janúar ár hvert í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá hinni almennu reglu með sérstakri ákvörðun hverju sinni um tiltekna eða tilteknar gjaldskrár.

## **3. Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2017.**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 666.000.000 vegna ýmissa fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2017.

Til fjárfestinga fari kr. 570.000.000, en þar af eru kr. 163.000.000 sem færast frá árinu 2016 og yfir á árið 2017. Í gjaldfærðar framkvæmdir á árinu fari samtals kr. 96.000.000.

Bæjarstjórn samþykkir að óska eftir forgangsröðun fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2017 frá skipulags- og umhverfisráði sem liggi fyrir 22. nóvember 2016.

## **4. Viðhald fasteigna og lóða 2017.**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 75.087.000 til almenns viðhalds og húsumsjónar í Eignasjóði og Fasteignafélagi Akraneskaupstaðar slf. á árinu 2017.

## **5. Langtímoveikindi starfsmanna 2017.**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 31.890.000 í fjárhagsáætlun vegna langtímoveikinda starfsmanna. Stofnanir kaupstaðarins geta sótt um fjárveitingu til þess sviðs sem stofnunin heyrir undir. Bæjarráð tekur endanlega ákvörðun um úthlutun fjármuna.

## **6. Búnaðar- og áhaldakaup 2017.**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 10.171.000 vegna endurnýjunar tækja, áhalda og húsbúnaðar. Stofnanir kaupstaðarins geta sótt um fjárveitingu til þess sviðs sem stofnunin heyrir undir. Samkvæmt reglum bæjarráðs hefur bæjarstjóri heimild til afgreiðslu umsókna sem nema allt að kr. 500.000 en beiðnir um hærri fjárhæð fara til bæjarráðs til samþykktar.

**7. Eftirlit vegna þjónustu dagforeldra 2017.**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 2.000.000 til eflingar lögbundnu eftirliti með þjónustu dagforeldra.

**8. Stöðugildi stuðningsfulltrúa í Brekkubæjarskóla 2017.**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir áframhaldandi ráðningu 75% stöðugildi stuðningsfulltrúa í stoðþjónustu Brekkubæjarskóla vegna aukinnar þjónustuþarfar í skólanum.

**9. Þjónustuframboð í íþróttamannvirkjum 2017.**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir aukningu í fjárveitingu til íþróttamannvirkja um kr. 7.522.000 vegna aukinnar þjónustuþarfar í mannvirkjunum.


**10. Leikskólar – alþrif 2017.**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 1.000.000 vegna aukinna útgjalda við alþrif í leikskólum.

**11. Stjórnmálasamtök á Akranesi 2017.**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir með vísan til 5. gr. laga nr. 162/2006 að ráðstafa kr. 1.000.000 til starfsemi stjórnmálflokka á Akranesi.

Akranesi 7. nóvember 2016

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri